

Umsögn dómnefndar

skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um embætti setts hæstaréttardómara
sem auglýst var laust til umsóknar 15. júlí 2011

Reykjavík 3. október 2011

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi 22. ágúst 2011 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti setts hæstaréttardómara, vegna leyfis Páls Hreinssonar dómara við réttinn, en það var auglýst laust til umsóknar 15. júlí 2011 í Lögbirtingablaði. Um embættið sóttu þeir Benedikt Bogason dómstjóri, Guðjón Ólafur Jónsson, hæstaréttarlögmaður, Ingimundur Einarsson, héraðsdómari, og Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri. Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 9. gr laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta dómismálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti setts hæstaréttardómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefnd miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma

og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrét: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Þess má að lokum geta að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 23. ágúst 2011 sendi dómnefnd umsækjendum bréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi dómnefndarmanna í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur dagana 14. og 15. september 2011.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefnd sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis fór nefndin þess á leit við þá, sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur, að þeir svöruðu tilteknum spurningum um hæfni umsækjenda. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svörin.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 22. ágúst 2011 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 15. júlí 2011 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið daginn eftir eða 23. ágúst 2011. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá síðarnefndum degi til 4. október 2011.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst reifað stutt ágríp um menntun og reynslu hvers umsækjanda um sig, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

Benedikt Bogason er fæddur 30. mars 1965 og er því 46 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 1985 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1990. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu og gegndi þeim til 1. júlí 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og starfaði þar til 4. desember það ár. Undir lok þess árs hóf hann störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness og var skipaður í þá stöðu 31. maí 1995. Því starfi gegndi hann til 31. ágúst 1995. Hann fékk leyfi frá störfum við dóminn í árslok 1993 og starfaði þá um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Á árabílinu 1995 - 1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Á árunum 1997 - 2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 2001 og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann hefur tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 23 málum. Hann hefur einnig verið varadómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg frá 1. júlí 2007 og tekið þar sæti í tveimur málum, þar af hefur öðru þeirra nýverið lokið með dómi. Þá var hann kjörinn varadómari í Landsdómi af lagadeild Háskóla Íslands 12. október 2010 og hefur tekið sæti í dóminum. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfelld frá haustmíssi 1993. Hann var ráðinn aðjúnkt við deildina frá 1998, lektor í hlutastarf 2002 og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars í grunnnámi, auk þess sem hann hefur kennt kjörgreinar á þeim réttarsviðum í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskílarétti, auk þess sem hann kenndi reglur um kröfuábyrgðir í kjörgreinum á árunum 1995 - 2008. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistararitgerða. Hann kenndi í nokkur skipti á árunum 1996 - 2002 á námskeiðum fyrir lögfræðinga um reglur um kröfuábyrgðir og á námskeiðum til undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfamiðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Umsækjandinn hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var formaður nefndar

samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluaðlögun 1996 - 1998. Hann sat í norrænni nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaaðlögun. Frá árinu 1997 hefur hann verið ritari réttararfsnefndar. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá 2007. Í apríl 2010 sat hann í starfshópi til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum, því tengdu, með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá átti hann 2010 - 2011 sæti í vinnuhópi til að meta þörfina á því að koma á fót millidómstigi sem tæki bæði til sakamála og einkamála. Hann var formaður refsiréttarnefndar 1997 - 2003 og samdi nefndin mörg lagafrumvörp sem urðu síðar að lögum. Hann var skipaður í nefnd 1998 til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum. Hann varð 1998 ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfraeðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinna brotategunda. Þá var hann skipaður 1998 formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 1997 - 2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni. Árið 2001 átti hann sæti í vinnuhópi til að semja frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Umsækjandinn átti sæti í kærunefnd húsaleigumála 1995 - 2010 á grundvelli þágildandi húsaleigulaga, nr. 36/1994, og hefur frá árinu 2010 verið varamaður í kærunefnd húsamála samkvæmt lögum nr. 66/2010 og tekið nokkrum sinnum sæti í nefndinni. Frá árinu 1997 hefur hann nokkrum sinnum verið kvaddur til setu í matsnefnd eignarnámsbóta. Árið 2001 tók hann sæti í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Hann varð formaður nefndarinnar árið 2004 og gegndi því starfi þar til nefndin var lögð niður árið 2008. Frá árinu 2003 hefur hann verið varamaður í óbyggðanefnd og á þeim tíma tekið þátt í umfjöllun fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni. Umsækjandinn var kjörinn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur árið 1990 og var formaður nefndarinnar 1991 - 1998. Árið 1993 sat hann í nefnd til að semja reglugerðir á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Þá var hann 1999 skipaður í starfshóp til að leggja mat á meðferðarúrræði unglunga. Frá árinu 2002 hefur hann verið varaformaður

kærunefndar barnaverndarmála. Árin 1997 - 2000 átti umsækjandinn sæti í nefnd til að endurskoða lög um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926. Á árinu 2001 tók hann sæti í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitaefni sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Sú nefnd lauk störfum á árinu 2004. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs 2003 - 2008. Loks var hann formaður útvarpsréttarnefndar 2004 - 2011 og hefur að auki sinnt ýmsum öðrum nefndarstörfum. Í umsókninni greinir umsækjandinn frá 15 ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, en flest ritverkin hafa birst í tímaritum, safnrítum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) Dómar um kröfuábyrgð 1886-2003. Reykjavík 2004 og (2) Kröfuréttur I - Efndir kröfu (2009), samin ásamt Þorgeiri Örlygssyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Í formála er þess getið að af sjö köflum ritsins hafi umsækjandinn ritað sjötta kafla um réttarlegar kröfur til greiðslu. Báðar eru bækurnar á sviði kröfuréttar. Fjórar af fræðigreinunum eru ritrýndar tímaritsgreinar. Sjö greinanna eru á sviði kröfuréttar, tvær á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Auk þess getur umsækjandinn um fjóra fyrirlestra og erindi, sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Umsækjandinn var formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1990 - 1992. Hann hefur átt sæti í skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð frá árinu 1989, þar af sem formaður frá 2000. Hann átti sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1994 - 2008 og var formaður félagsins 2005 - 2008. Hann var formaður stjórnar sjóðsins Samhugur í verki, styrktarsjóðs fórnarlamba náttúruhamfara, 1998 - 2001. Frá 1998 hefur hann átt sæti í stjórn Félagsbústaða hf. Loks átti hann sæti í stjórn Dómarafélags Íslands 2003 - 2009. Umsækjandinn getur um 17 lagafrumvörp sem hann hafi samið og er þar bæði um að ræða lagafrumvörp, sem hann hefur samið á vegum nefnda, svo og frumvörp sem honum hefur einum verið falið að semja. Þá getur hann um 11 frumvörp sem samin hafa verið á vegum nefnda sem hann hefur átt sæti í og tekið þátt í að semja með öðrum.

Guðjón Ólafur Jónsson er fæddur 17. febrúar 1968 og er því 43 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1987 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1992. Hann stundaði framhaldsnám í alþjóðalögum, með áherslu á alþjóðlegan viðskiptarétt, skattarétt og umhverfisrétt, við

Edinborgarháskóla í Skotlandi veturinn 2005 – 2006 og lauk þaðan meistaraprófi 2006. Árið 1999 lauk hann þriggja missera rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands og á árinu 2005 tveggja missera námi í verðbréfi viðskiptum frá Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Þá hefur hann lokið hluta af meistaranámi í opinberri stjórnarsýslu við Háskóla Íslands. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 8. desember 1997 og hæstaréttarlögmaður 9. júní 2004. Umsækjandinn réðst til starfa sem framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins árið 1992 og gegndi því starfi í eitt og hálf ár. Á árunum 1993 – 1995 starfaði hann sem löglærður fulltrúi hjá embætti ríkissaksóknara. Árin 1995 – 1999 var hann aðstoðarmaður umhverfisráðherra, en frá árinu 1999 hefur hann rekið eigin lögmannsstofu í Reykjavík í félagi við aðra. Sem sjálfstætt starfandi lögmaður hefur hann flutt fjölda dómsmála, bæði einkamál og sakamál. Hann var alþingismaður á árunum 2006 – 2007, en hafði áður setið á Alþingi sem varaþingmaður á árabílinu 2003 – 2006. Á þeim tíma, sem hann gegndi þingmennsku, sat hann í fjölda þingnefnda, þ. á m. var hann formaður heilbrigðis- og tryggingamálanefndar og varaformaður allsherjarnefndar og umhverfisnefndar Alþingis. Þá var hann varaformaður sérnefndar þingsins um stjórnarskrármál. Einnig var hann varaformaður Íslandsdeildar Þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál 2006 – 2007. Á sama árabíli átti hann sæti í stjórn þingflokks Framsóknarflokksins. Umsækjandinn hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á ýmsum sviðum stjórnarsýslu. Árin 1995 – 1996 var hann skipaður formaður nefndar um stjórnarsýslu náttúruverndarmála, en nefndin gerði tillögur um hvernig haga ætti stjórnskipan náttúruverndarmála. Hann var formaður nefndar um sameiningu náttúrufræðistofnana 1996 – 1997 og formaður framkvæmdanefndar um flutning Landmælinga Íslands 1996 – 1997. Á árunum 1996 – 1998 var hann formaður umsjónarnefndar ráðuneyta með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Hann var formaður nefndar um endurskoðun náttúruverndarlaga 1996 – 1998 sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Samdi nefndin frumvarp að nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Árin 1997 – 1999 var umsækjandinn formaður ráðgjafarnefndar um vöktun og umhverfi í Hvalfirði. Hann var varaformaður

stjórnar Landmælinga Íslands 1997 – 2000 og formaður stjórnar Vinnueftirlits ríkisins 2003 – 2007. Árin 1999 – 2010 var hann formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þar sem hann samdi mikinn fjölda úrskurða. Hann átti sæti í nefnd um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan 1994 – 1995, í sendinefnd Íslands á Kyoto-ráðstefnunni um loftslagsbreytingar 1997 og í sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2006. Einnig sat hann í starfshópi um Háskólatorg 1998 – 2000 og í nefnd um endurskoðun laga um ríkisborgararétt 2006 – 2007. Nýlega hefur hann verið settur ríkissaksóknari í einu máli. Þá var umsækjandinn stjórnarformaður byggðasamlagsins Strætó bs. 2002 – 2005 og formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur 2007 – 2008. Hann hefur verið stundakennari í alþjóðlegum einkamálarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2008 og stöku sinnum prófdómari í verðbréfarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hann lætur þess getið í umsókn sinni að hann hafi samið eitt óbirt fræðirit, ef frá er talin meistararitgerð hans við Edinborgarháskóla. Hér er um að ræða bók, sem fyrirhugað er að gefa út síðar á þessu ári um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en umsækjandinn átti sem fyrr greinir sæti í nefndinni um árabíl. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn, þ. á m. var hann formaður Sambands ungra framsóknarmanna 1994 – 1995 og sat í framkvæmdarstjórn flokksins 1994 – 1996. Hann var formaður sóknarnefndar Grafarholtssóknar 2009 – 2011 og sat í stjórn knattspyrnudeildar Vals 2003 – 2009. Ennfremur var hann formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1993 – 2001. Auk þessa hefur hann átt sæti í stjórnnum fjölda hlutafélaga og einkahlutafélaga, hér á landi sem erlendis, og verið stjórnarformaður margra þeirra. Þannig hefur hann setið í stjórn JP Lögmannna ehf. frá 2002 og verið formaður stjórnar félagsins frá 2006. Umsækjandinn hefur komið að samningu nokkurra lagafrumvarpa. Lætur hann þess getið í umsókn sinni að hann sé aðalhöfundur frumvarps þess til laga um náttúruvernd sem var samþykkt sem lög nr. 44/1999.

Ingimundur Einarsson er fæddur 25. maí 1953 og er því 58 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1973 og embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands haustið 1978. Hann lauk árið 2002 námskeiði á vegum Alríkislögreglunnar (FBI) í Bandaríkjunum, sem ætlað var yfirmönnum

lögreglu þar í landi (Law Enforcement Executive Development Seminar). Þá lauk hann stjórnunarnámi frá Lögregluskóla ríkisins 2004, en nám þetta var skipulagt í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Árið 2008 lauk hann námskeiði um sáttamiðlun fyrir dómi. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 2. október 1981 og hæstaréttarlögmaður 8. desember 1995. Frá október 1978 til júlí 1979 starfaði umsækjandinn sem löglærður fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Keflavík og sýslumanninum í Gullbringusýslu og fékkst þá einkum við dómstörf í sakamálum. Frá júlí 1979 til ágúst 1982 var hann bæjarstjóri á Siglufirði. Að því loknu var hann um skeið framkvæmdastjóri Kaupþings hf., frá ágúst 1982 til febrúar 1983, en réðst þá til starfa sem bæjarlögmaður í Hafnarfirði og gegndi því starfi til júlí 1987. Frá þeim tíma til 30. september 1999 var hann sjálfstætt starfandi lögmaður, fyrst á Selfossi, en síðar í Hafnarfirði. Flutti hann á þeim tíma fjölda mála fyrir dómi. Hann var skipaður varalögrelustjóri í Reykjavík 1. október 1999 og gegndi því starfi til 31. desember 2006, er hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Á meðan umsækjandinn gegndi starfi bæjarstjóra á Siglufirði átti hann sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í flestum nefndum bæjarins. Sem bæjarlögmaður í Hafnarfirði tók hann virkan þátt í stjórnarsýslu bæjarfélagsins og var jafnframt tvö síðustu árin forstöðumaður Gjaldheimtu Hafnarfjarðar sem þá annaðist innheimtu útsvars og fasteignagjalda. Í starfi vara-lögrelustjóra í Reykjavík var hann staðgengill lögrelustjóra og hafði jafnframt yfirumsjón með starfsmannahaldi embættisins, þ. á m. annaðist hann meðferð kæra og kvartana á hendur lögrelumönnum. Samhliða störfum varalögrelustjóra átti hann sæti í ýmsum nefndum og ráðum, sem tengdust málefnum lögrelunnar, svo sem skólanefnd Lögregluskóla ríkisins, Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, eftirlits- og ráðgjafanefnd Fjarskiptamiðstöðvar lögrelunnar, umferðarráði og starfs- hópi vegna flutnings hættulegra efna um jarðgöng sem skilaði viðamikilli skýrslu um það málefni. Sömuleiðis sat hann í flugverndarnefnd Reykjavíkurflugvallar og samstarfsnefnd lögreglu og Reykjavíkurborgar um löggæslumálefni. Þá sat hann í nefnd til endurskoðunar umferðaröryggisáætlunar 2002 - 2012. Árið 1985 átti umsækjandinn sæti í nefnd til að endurskoða lög um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976. Á árinu 1991 var hann kjörinn aðalmaður í kjörstjórn Hafnarfjarðar og átti

þar sæti til ársins 2002, þar af sem formaður frá 1994. Hann var formaður barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar 1994 – 2007. Ennfremur var hann fyrsti formaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála 1998 – 2002, sem starfaði á grundvelli þágildandi skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þar sem hann tók þátt í samningu fjölmargra úrskurða. Á vormisseri 1995 sinnti umsækjandinn kennslu á námskeiði fyrir nemendur við lagadeild Háskóla Íslands sem leiðbeinandi um rekstur mála fyrir dómi. Þá getur hann þess í umsókn sinni að hann hafi í starfi sem varalögreglustjóri flutt nokkra fyrirlestra um almenn og sérstök verkefni lögreglunnar, innanlands sem erlendis, þ. á m. tvo fyrirlestra um eftirlit á landamærum Íslands, sem aðila að Schengen-samstarfinu, annars vegar árið 2000 en hins vegar árið 2005. Í síðara skiptið flutti hann einnig fyrirlestur og sat fyrir svörum um sama efni í Brussel síðari hluta árs 2005. Það ár flutti hann fyrirlestur á ráðstefnu Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna, sem nefndist „Nokkrar hugleiðingar um rannsóknir opinberra mála“. Var fyrirlesturinn síðar birtur í styttri útgáfu í tímariti lögreglumanna, *Lögreglumanninum*, 1. tbl. 2006. Auk þeirrar greinar er hann, ásamt Sigríði Björk Guðjónsdóttur, höfundur að grein sem ber heitið „Mansal – nauðungarvinna“, og birtist í *Lögreglumanninum*, 3. tbl. 2005. Á árunum 2003 – 2005 átti umsækjandinn sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands og sat á sama tíma í stjórn Sýslumannafélags Íslands. Loks kemur fram í umsókn hans að hann hefur sótt ýmsar ráðstefnur, m.a. um lögfræðileg efni, bæði hérlendis og erlendis.

Dorgeir Ingi Njálsson er fæddur 27. apríl 1960 og er því 51 árs. Hann lauk stúdentsprófi vorið 1980 frá Menntaskólanum á Laugarvatni og embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur auk þess sótt ýmis námskeið, m.a. um lögfræðileg efni, á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Sömuleiðis námskeið, sem haldið var á vegum norska dómstólaráðsins á árinu 1995, en það var ætlað nýskipuðum héraðs- og landsréttardómurum. Þá sótti hann námskeið um sáttameðferð fyrir dómi á vegum dómstólaráðs árið 2008. Fyrstu þrjá mánuði þessa árs stundaði hann nám, án próftöku, í eftirtöldum greinum í meistaranámi við lagadeild Háskóla Íslands: Evrópurétti, evrópskum mannréttindareglum, váttryggingarétti, félagarétti II og stjórnslurétti III. Umsækjandinn var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki frá 7. maí

1985 til 1. júní 1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu frá 1. júní 1987 til 16. september 1989 og frá 1. október til 1. desember 1990. Frá 16. september 1989 til 1. júlí 1992, að undanskildum tveimur mánuðum á árinu 1990, starfaði hann sem settur héraðsdómari við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu. Hann var skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands frá 1. júlí 1992 og var dómari við þann dómstól til 16. mars 1998. Frá þeim degi hefur hann verið dómari við Héraðsdóm Reykjaness og frá 1. maí 2008 jafnframt verið dómstjóri þess dómstóls. Honum var veitt leyfi frá starfi héraðsdómara frá 16. september 1997 til 15. ágúst 1998 og að nýju frá 1. júní 2000 til 1. júní 2001. Starfaði hann þá hjá umboðsmanni Alþingis við afgreiðslu mála og að auki sem skrifstofustjóri embættisins meðan á seinna leyfinu stóð. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu frá 10. til 31. júlí 1988 og frá 1. til 31. júlí 1989. Frá 1. september 2010 til 31. ágúst sl. var hann í leyfi frá störfum sem héraðsdómari. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í átta málum. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 16. maí 1989. Umsækjandinn vann að afgreiðslu mála, sem umboðsmaður Alþingis fékk til meðferðar í formi kvartana, þau tvö ár sem hann starfaði hjá embættinu. Á árunum 1999 og 2002 var hann skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í níu málum, þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Á árabílinu 1996 – 2004 sat hann í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafði hann með höndum formennsku í nefndinni 2000 – 2004. Hvíldi öll vinna við afgreiðslu þeirra fjölmörgu umsókna, sem nefndinni bárust, á herðum nefndarmanna, þ. á m. samning ákvarðana. Þá var umsækjandinn formaður endurskoðendaráðs samkvæmt lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur frá 11. nóvember 1998 til 13. mars 2000. Árið 2006 átti hann sæti í dómnefnd til að meta hæfi dósents til að hljóta framgang í starf prófessors við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur hann tekið sæti í gjafsóknarnefnd í þremur málum. Frá því í nóvember 2010 og til 10. júní sl. sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Skilaði nefndin skýrslu sinni til forsætisnefndar kirkjuþings. Umsækjandinn hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá 1. júní 2007 og tekið sæti í

henni í nokkrum málum. Einnig hefur hann frá 1. júlí 2008 verið varamaður í dómstólaráði, þar sem hann hefur tekið nokkrum sinnum sæti og að auki unnið að tilteknu verkefni á vegum ráðsins. Á árabílinu 1990 - 1992 átti hann sæti í félagsmálaráði og íþrótt- og tómsundaráði Selfoskaupstaðar, en undir það fyrrnefnda heyrðu m.a. barnarverndarmál. Frá árinu 2006 hefur umsækjandinn haft með höndum kennslu í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og verið aðjúnkt við deildina frá 2007. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórnvaldsákvarðana. Árin 1993 - 1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur hann verið leiðbeinandi nemanda við ritun kandidatsritgerðar við deildina og haft þar umsjón með úrlausn raunhæfs verkefnis. Á dómsmálaþingi 1995 flutti umsækjandinn erindi sem bar heitið „Hugleiðingar um ákvörðun refsingar“. Grein eftir hann, sem byggð var á því erindi, birtist í Tímariti lögfræðinga 1996, 1. hefti. Þá flutti hann erindi á fundi í Félagi um váttryggingarétt 2004 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og störf bótanefndar samkvæmt lögum nr. 69/1995 og birtist grein, sem byggð var á því erindi, í Tímariti lögfræðinga 2006, 1. hefti. Í umsókn sinni lætur hann þess loks getið að innan skamms sé áformað að birta í því riti grein eftir hann um endurupptöku útivistarmála samkvæmt XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Umsækjandinn sat í stjórn Dómarafélags Íslands 1994 - 1999, í stjórn endurmenntunarsjóðs dómara 1998 - 2003 og í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991 - 1999. Á undanförunum árum hefur hann átt sæti í áfrýjunardómstól Handknattleikssambands Íslands og gegnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum í þágu íþróttahreyfingarinnar.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði. *Guðjón Ólafur* hefur til viðbótar embættisprófi sínu lokið meistaraþrófi í lögum við erlendan háskóla, auk þess sem hann hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi og námi í verðbréfavíðskiptum héraendis. Þá hefur *Þorgeir Ingi* stundað meistaranám við háskóla hér á landi, án próftöku. Þeir *Ingimundur* og *Þorgeir Ingi* hafa, eins og að framan greinir, sótt ýmis

námskeið eftir embættispróf, en *Benedikt* hefur ekki stundað skipulegt framhaldsnám að því loknu.

Samkvæmt þessu hefur *Guðjón Ólafur*, einn umsækjenda, lokið meistaraprófi í lögum til viðbótar embættisprófi.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Benedikt var fulltrúi bæjarfógeta, þar sem hann vann m.a. að dómstörfum 1990 – 1992, og síðan dómarafulltrúi frá 4. desember 1992 til 31. ágúst 1995. Frá árinu 1995 til 1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 2001 og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann hefur því verið fulltrúi dómara í nálega fimm ár, aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö ár og héraðsdómari í rúmlega 10 ár. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 23 málum. Hann hefur einnig tvívegis tekið sæti sem varadómari í EFTA-dómstólnum í Lúxemborg. Þá var hann kjörinn varadómari í Landsdómi af lagadeild Háskóla Íslands 12. október 2010 og hefur tekið sæti í dóminum.

Guðjón Ólafur hefur ekki fengist við dómstörf.

Ingimundur hafði á hendi dómstörf sem fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns frá hausti 1978 til miðs árs 1979 eða í tæpt eitt ár. Hann var skipaður héraðsdómari 31. desember 2006 og er því starfsreynsla hans sem héraðsdómara liðlega fjögur og hálf ár.

Þorgeir Ingi fékkst við dómstörf sem fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns frá 7. maí 1985 til 16. september 1989, að viðbættum tveimur mánuðum á árinu 1990. Hann var settur héraðsdómari frá 16. september 1989 til 1. júlí 1992, að fyrrgreindum tveimur mánuðum undanskildum, eða nærfellt í þrjú ár. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 1992 og frá 1. maí 2008 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness. Í tæp þrjú ár hefur hann verið í leyfi frá starfi héraðsdómara. Hann hefur því verið dómarafulltrúi í fjögur og hálf ár og héraðsdómari í alls 19 ár. Þá hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í átta málum.

Samkvæmt framansögðu eru tveir umsækjendur með viðamikla dómara-reynslu þannig að þegar lögð er saman reynsla þeirra sem dómarafulltrúa og

héraðsdómara er *Þorgeir Ingi* með rúmlega 23 ár og *Benedikt* með 15 ár, auk þess sem hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö ár. Báðir hafa þeir tekið sæti í Hæstarétti sem varadómamarar og *Benedikt* þar að auki sem varadómari í EFTA-dómstólnum og landsdómi. Næstur þeim kemur svo *Inginundur* með um fimm og hálfis árs dómara-reynslu.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Benedikt hefur ekki fengist við lögmannsstörf.

Guðjón Ólafur hefur starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður í Reykjavík frá árinu 1999 eða í 12 ár. Hefur hann á þeim tíma rekið lögmannsstofu í félagi við aðra. Á lögmannsferli sínum hefur hann flutt tugi mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, auk þess að hafa rækt ýmis önnur lögmannsstörf, svo sem innheimtu og uppgjör skaðabótamála, samningagerð og skiptastjórn. Hafa viðskiptavinir hans verið bæði innlendir sem erlendir.

Inginundur starfaði sem sjálfstætt starfandi lögmaður á Selfossi og í Hafnarfirði frá júlí 1987 til loka september 1999 eða í rúm 12 ár. Áður gegndi hann starfi bæjarlögmanns í Hafnarfirði frá febrúar 1983 til júlí 1987 eða í fjögur og hálf ár. Hefur hann flutt fjölda mála sem lögmaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, auk þess sem hann hefur innt af hendi fjölbreytt lögmannsstörf.

Þorgeir Ingi hefur héraðsdómslögmannsréttindi, en hefur ekki stundað lögmannsstörf.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eiga þeir *Guðjón Ólafur* og *Inginundur* báðir að baki um 12 ára langa starfsreynslu sem sjálfstætt starfandi lögmennt, auk þess sem sá síðarnefndi hefur gegnt starfi bæjarlögmanns um árabíl. Jafnframt skal þess getið að þeir hafa báðir sótt sakamál (áður opinber mál) fyrir dómstólum, *Guðjón Ólafur* sem fulltrúi ríkissaksóknara um tveggja ára skeið og *Inginundur*, sem fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í tæpt ár. Þá gaf hann út fjölda ákæra og sá um að kæra rannsóknarúrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar sem varalögreglustjóri í Reykjavík í rúm sjö ár. Hafa þeir *Guðjón Ólafur* og *Inginundur* því sérstöðu að þessu leyti í samanburði við aðra umsækjendur.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Benedikt hóf störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu að loknu embættisprófi árið 1990 og gegndi þeim til 1. júlí 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og starfaði þar til 4. desember það ár. Á árinu 1993 starfaði hann um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Á árunum 1997 - 2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. *Benedikt* hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluáðlögun frá 1996 -1998. Hann var einnig skipaður í norræna nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaáðlögun. Frá árinu 1997 hefur hann verið ritari réttarfarsnefndar. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá 2007. Í apríl 2010 tók hann sæti í starfshópi til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum, því tengdu, með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá var hann í desember 2010 skipaður í vinnuhóp til að meta þörfina á því að koma á fót millidómstigi, sem tæki bæði til sakamála og einkamála, og skila tillögum þar að lútandi. *Benedikt* var formaður refsiréttarnefndar 1997 - 2003, en nefndin samdi á þeim tíma mörg lagafrumvörp sem urðu að lögum. Hann hefur einnig átt sæti í fjölmörgum öðrum nefndum sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp, en nánar er að þeim vikið í kafla 5.7. hér á eftir. Hann tók sæti í nefnd 1998 til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum. Hann varð 1998 ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinna brotategunda. Þá varð hann sama ár formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1997 - 2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni. Árið 2001 tók hann sæti í vinnuhópi til að semja frumvarp til laga um fullnustu refsinga. *Benedikt* átti sæti í

kærunefnd húsaleigumála 1995 - 2010. Árin 2001 - 2008 sat hann í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951, þar af sem formaður hennar 2004 - 2008. Frá árinu 2003 hefur hann, sem varamaður í óbyggðanefnd, tekið sæti í fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni. Benedikt sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1990 - 1998, þar af sem formaður frá 1991. Árið 1993 var hann skipaður í nefnd til að semja reglugerðir á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Þá tók hann 1999 sæti í starfshópi til að leggja mat á meðferðarúrræði unglunga. Frá 2002 hefur hann verið varaformaður kærunefndar barnaverndarmála. Á árinu 2001 var hann skipaður í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitæfni sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs 2003 - 2008. Loks var hann formaður útvarpsréttarnefndar 2004 - 2011.

Guðjón Ólafur starfaði á árunum 1993 - 1995 sem löglærður fulltrúi hjá embætti ríkissaksóknara. Á árabílinu 1995 - 1999 var hann aðstoðarmaður umhverfisráðherra. Árin 1995 - 1996 var hann skipaður formaður nefndar um stjórn-sýslu náttúruverndarmála, en nefndin gerði tillögur um hvernig haga ætti stjórnskipan náttúruverndarmála. Hann var formaður nefndar um sameiningu náttúrufræðistofnana 1996 - 1997 og formaður framkvæmdanefndar um flutning Landmælinga Íslands 1996 - 1997. Á árunum 1996 - 1998 var hann formaður umsjónarnefndar ráðuneyta með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Hann var formaður nefndar um endurskoðun náttúruverndarlaga 1996 - 1998 sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Samdi nefndin frumvarp að nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Árin 1997 - 1999 var Guðjón Ólafur formaður ráðgjafarnefndar um vöktun og umhverfi í Hvalfirði. Hann var varaformaður stjórnar Landmælinga Íslands 1997 - 2000 og formaður stjórnar Vinnueftirlits ríkisins 2003 - 2007. Árin 1999 - 2010 var hann formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þar sem hann samdi mikinn fjölda úrskurða. Hann átti sæti í nefnd um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan 1994 - 1995, í sendinefnd Íslands á Kyoto-ráðstefnunni um loftslagsbreytingar 1997 og í sendinefnd Íslands á

allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2006. Einnig sat hann í starfshópi um Háskólatorg 1998 – 2000 og í nefnd um endurskoðun laga um ríkisborgararétt 2006 – 2007. Þá var Guðjón Ólafur stjórnarformaður byggðasamlagsins Strætó bs. 2002 – 2005 og formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur 2007 – 2008.

Ingimundur starfaði frá október 1978 til júlí 1979 sem fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Keflavík og sýslumanninum í Gullbringusýslu. Frá júlí 1979 til ágúst 1982 var hann bæjarstjóri á Siglufirði. Í febrúar 1983 réðst hann til starfa sem bæjarlögmaður í Hafnarfirði og gegndi því starfi til júlí 1987. Hann var skipaður varalögreglustjóri í Reykjavík 1. október 1999 og gegndi því starfi til 31. desember 2006. Á meðan Ingimundur gegndi starfi bæjarstjóra á Siglufirði átti hann sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í flestum nefndum bæjarins. Sem bæjarlögmaður í Hafnarfirði tók hann virkan þátt í stjórnarsýslu bæjarfélagsins og var jafnframt tvö síðustu árin forstöðumaður Gjaldheimtu Hafnarfjarðar sem þá annaðist innheimtu útsvars og fasteignagjalda. Í starfi varalögreglustjóra í Reykjavík var hann staðgengill lögreglustjóra og hafði jafnframt yfirumsjón með starfsmannahaldi embættisins, þ. á m. annaðist hann meðferð kæra og kvartana á hendur lögreglumönnum. Samhliða störfum varalögreglustjóra átti hann sæti í ýmsum nefndum og ráðum, sem tengdust málefnum lögreglunnar, svo sem skólanefnd Lögregluskóla ríkisins, Almanna-varnanefnd höfuðborgarsvæðisins, eftirlits- og ráðgjafanefnd Fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar, umferðarráði og starfshópi vegna flutnings hættulegra efna um jarðgöng sem skilaði viðamikilli skýrslu um það málefni. Sömuleiðis sat hann í flugverndarnefnd Reykjavíkurflugvallar og samstarfsnefnd lögreglu og Reykjavíkurborgar um löggæslumálefni. Þá sat hann í nefnd til endurskoðunar umferðaröryggisáætlunar 2002 – 2012. Árið 1985 átti Ingimundur sæti í nefnd til að endurskoða lög um almenningubókasöfn, nr. 50/1976. Á árinu 1991 var hann kjörinn aðalmaður í kjörstjórn Hafnarfjarðar og átti þar sæti til ársins 2002, þar af sem formaður frá 1994. Hann var formaður barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar 1994 – 2007. Ennfremur var hann fyrsti formaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála 1998 – 2002, sem starfaði á grundvelli þágildandi skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þar sem hann tók þátt í samningu fjölmargra úrskurða.

Þorgeir Ingi var fulltrúi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki frá 7. maí 1985 til 1. júní 1987 og fulltrúi bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu frá 1. júní 1987 til 16. september 1989 og frá 1. október til 1. desember 1990. Frá 16. september 1997 til 15. ágúst 1998 og að nýju frá 1. júní 2000 til 1. júní 2001 starfaði hann hjá umboðsmanni Alþingis við afgreiðslu mála, sem umboðsmaður fékk til meðferðar í formi kvartana, og í síðara skiptið var hann að auki sem skrifstofustjóri embættisins. Hann var settur sýslumaður í Strandasýslu frá 10. til 31. júlí 1988 og frá 1. til 31. júlí 1989. Á árunum 1999 og 2002 var Þorgeir Ingi skipaður til að vera umboðsmaður Alþingis í níu málum, þar sem hinn reglulegi umboðsmaður hafði vikið sæti. Á árabílinu 1996 – 2004 sat hann í bótanefnd samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Hafði hann með höndum formennsku í nefndinni 2000 – 2004. Hvíldi öll vinna við afgreiðslu þeirra fjölmörgu umsókna, sem nefndinni bárust, á herðum nefndarmanna, þ. á m. samning ákvarðana. Þá var Þorgeir Ingi formaður endurskoðendaráðs samkvæmt lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur frá 11. nóvember 1998 til 13. mars 2000. Þá hefur hann tekið sæti í gjafsóknarnefnd í þremur málum. Frá því í nóvember 2010 og til 10. júní sl. sat hann í rannsóknarnefnd sem kirkjuþing þjóðkirkjunnar skipaði til að rannsaka viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Skilaði nefndin skýrslu sinni til forsætisnefndar kirkjuþings. Þorgeir Ingi hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd um upplýsingamál frá 1. júní 2007 og tekið sæti í henni í nokkrum málum. Þá átti hann 1990 – 1992 sæti í félagsmálaráði og íþrótt- og tómstundaráði Selfoskaupstaðar, en undir það fyrrnefnda heyrðu m.a. barnarverndarmál. Loks sat hann í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis 1991 – 1999.

Eins og fram kemur í upptalningunni hér að framan hafa allir umsækjendurnir umtalsverða stjórnarsýslureynslu að baki. Þá hafa þeir einnig, þótt í misríkum mæli sé, mikla reynslu af því að leysa úr stjórnarsýslumálum af ýmsum toga, m. a. sem formenn í úrskurðarnefndum á sviði stjórnarsýslunnar. Samkvæmt framansögðu verður að telja að *Ingrimundur* standi fremst að vígi varðandi reynslu af störfum í

stjórnsýslu og vegur þar þyngst fjölbreytt reynsla hans, m.a. sem varalögreglustjóri í Reykjavík og bæjarlögmaður um langt árabil. Á eftir honum kemur *Benedikt* sem hefur m.a. verið skrifstofustjóri í ráðuneyti í rúm fjögur ár. Því næst *Guðjón Ólafur* og loks *Þorgeir Ingi*.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Benedikt hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfellt frá haustmíssi 1993. Hann var ráðinn aðjúnkt við deildina frá 1998, lektor í hlutastarf 2002 í þrjú ár og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina eða í rúmlega 6 ár. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars í grunnnámi, auk þess sem hann hefur kennt kjörgreinar á þeim réttarsviðum í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti, auk þess sem hann kenndi reglur um kröfuábyrgðir í kjörgreinum á árunum 1995 – 2008. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistaranámsgerða. Þá kenndi hann í nokkur skipti á árunum 1996 – 2002 reglur um kröfuábyrgðir á námskeiðum fyrir lögfræðinga og á námskeiðum til undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfa-miðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.

Guðjón Ólafur hefur verið stundakennari í alþjóðlegum einkamálarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2008 og stöku sinnum prófdómari í verðbréfarétti við lagadeild Háskóla Íslands.

Ingimundur sinnti á vormíssi 1995 kennslu á námskeiði fyrir nemendur við lagadeild Háskóla Íslands sem leiðbeinandi um rekstur mála fyrir dómi.

Þorgeir Ingi hefur frá árinu 2006 haft með höndum kennslu í stjórnskipunar-
rétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík og verið aðjúnkt við deildina frá 2007. Vorið 2009 flutti hann þar fyrirlestra um ritun dóma á námskeiði um ritun dóma, úrskurða og stjórnvaldsákvarðana. Árin 1993 – 1999 var hann prófdómari í almennri lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur hann verið leiðbeinandi nemanda við ritun kandidatsritgerðar við deildina og haft þar umsjón með úrlausn raunhæfs verkefnis.

Af framansögðu er ljóst að *Benedikt* hefur sérstöðu meðal umsækjenda að því er varðar reynslu af kennslu í lögfræði á háskólastigi, en við hana hefur hann fengist í 18 ár. Er fimm ára kennslureynsla *Þorgeirs Inga* takmörkuð í þeim samanburði og á það enn frekar við reynslu þeirra *Guðjóns Ólafs* og *Ingimundar* á þessu sviði.

5.5.2. *Útgefnar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar, ritstjórn o.fl.*

Umsækjendur hafa sinnt fræðilegum rannsóknum og skrifum á sviði lögfræði í mismiklum mæli.

Benedikt er höfundur og meðhöfundur tveggja útgefna ritverka á sviði lögfræði og hefur lagt fram eða birt 13 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælis- og vísindaritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) Dómar um kröfuábyrgð 1886 – 2003 (2004) og (2) Kröfuréttur I – Efndir kröfu (2009), samin ásamt Þorgeiri Örlygssyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Í formála er þess getið að af sjö köflum ritsins hafi *Benedikt* ritað sjötta kafla um réttarlegar kröfur til greiðslu. Að baki síðastnefndu riti liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og er óhætt að fullyrða að það hafi að geyma bæði sjálfstætt fræðilegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga. Í umsókn *Benedikts* kemur fram að hann hefur lagt fram eða birt 13 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum og eru fjórar af þeim ritrýndar tímaritsgreinar. Sex greinanna eru á sviði kröfuréttar, þrjár á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Eftirtaldar þrjár greinar *Benedikts*, sem birtust í Tímariti Lögfræðinga: „Um kröfuábyrgð, stofnun og ógildi“ (1997), „Skuldbinding ábyrgðarmanns samkvæmt kröfuábyrgð“ (2000) og „Lok kröfuábyrgðar“ (2006), ásamt fyrrnefndu riti „Dómar um kröfuábyrgð 1886 – 2003“ (2004), fjalla öll um kröfuábyrgð og vantar ekki mikið upp á að þar sé um að ræða heildstæða umfjöllun um íslenskan rétt um þetta mikilsverða svið kröfuréttarins. Dómnefnd lítur svo á að rannsóknir *Benedikts*, sem birtast í þessum skrifum, hafi að geyma sjálfstætt fræðilegt framlag, svo og mikla raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga. Óumdeilanlega sé um að ræða grundvallarrit á þessu fræðasviði íslenskrar lögfræði, enda eru þau notuð við kennslu, ráðgjöf, málflutning og dómstörf hér á landi. Loks hefur *Benedikt* haldið fjóra fyrirlestra og erindi á fundum, ráðstefnum og málþingum.

Guðjón Ólafur lætur þess getið í umsókn sinni að hann hafi samið eitt óbirt fræðirit, ef frá er talin meistararitgerð hans við Edinborgarháskóla. Hér er um að ræða bók, sem fyrirhugað er að gefa út um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en umsækjandinn átti sem fyrr greinir um árábil sæti í nefndinni. Umsókninni fylgir handrit að bókinni, „Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.“ Að áliti dómnefndar er hér um að ræða skýra og greinargóða samantekt á viðfangsefninu, en hún felur hins vegar ekki í sér verulegt framlag til lögfræðilegra rannsókna.

Ingimundur getur þess í umsókn sinni að hann hafi í starfi sem varalögreglustjóri flutt nokkra fyrirlestra um almenn og sérstök verkefni lögreglunnar, innan lands sem erlendis, þ. á m. tvo fyrirlestra um eftirlit á landamærum Íslands, sem aðila að Schengen-samstarfinu. Árið 2005 flutti hann fyrirlestur á ráðstefnu Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna, sem nefndist „Nokkrar hugleiðingar um rannsóknir opinberra mála“. Var fyrirlesturinn síðar birtur í styttri útgáfu í tímariti lögreglumanna, *Lögreglumanninum*, 1. tbl. 2006. Auk þeirrar greinar er hann, ásamt Sigríði Björk Guðjónsdóttur, höfundur að grein sem ber heitið „Mansal - nauðungarvinna“, og birtist í *Lögreglumanninum*, 3. tbl. 2005. Að áliti dómnefndar fela umræddar tvær greinar aðeins í sér lýsingu á viðfangsefnunum og eru góðar sem slíkar, en lögfræðilegt gildi þeirra er á hinn bóginn takmarkað.

Dorgeir Ingi flutti á dómsmálaþingi 1995 erindi sem bar heitið „Hugleiðingar um ákvörðun refsingar“. Grein eftir hann, sem byggð var á því erindi, birtist í Tímariti lögfræðinga 1996, 1. hefti. Þá flutti hann erindi á fundi í Félagi um váttryggingarétt árið 2004 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota og störf bótanefndar samkvæmt lögum nr. 69/1995 og birtist grein, sem byggð var á því erindi, í Tímariti lögfræðinga 2006, 1. hefti. Í umsókn sinni lætur hann þess loks getið að á næstunni sé áformað að birta í því riti grein eftir hann um endurupptöku útivistarmála samkvæmt XXIII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Hefur hann afhent dómnefnd handrit að greininni. Þessar þrjár fræðigreinar eru skýrar og hafa tvær þær síðastnefndu, að áliti dómnefndar, ótvírætt lögfræðilegt gildi.

Þegar litið er til þeirra fræðiritna og mörgu fræðigreina, sem komið hafa út eftir *Benedikt* og gerð er grein fyrir hér að framan, skarar hann fram úr á þessu sviði. Á eftir honum kemur *Þorgeir Ingi*, þá *Guðjón Ólafur* og loks *Ingimundur*.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnunarstörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Benedikt var skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins 1997 – 2001. Þá hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands frá 1. desember 2003. Jafnframt hefur hann átt sæti í dómstólaráði frá árinu 2007. *Benedikt* varð formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur árið 1991 og gegndi því starfi til 1998. Var formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluaðlögun 1996 – 1998. Þá varð hann 1998 formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Árin 2004 – 2008 var hann formaður skaðabótanefndar, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Var formaður útvarpsréttarnefndar 2004 - 2011. *Benedikt* var formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1990 – 1992. Hann hefur verið formaður skólanefndar Menntaskólans við Hamrahlíð frá árslokum 2000. Hann var formaður Lögfræðingafélags Íslands 2005 – 2008. Loks má nefna að hann var formaður stjórnar sjóðsins Samhugur í verki, styrktarsjóðs fórnarlamba náttúruhamfara, 1998 – 2001.

Guðjón Ólafur var formaður nefndar um stjórnarsýslu náttúruverndarmála 1995 – 1996. Hann var formaður nefndar um sameiningu náttúrufræðistofnana 1996 – 1997 og formaður framkvæmdanefndar um flutning Landmælinga Íslands 1996 – 1997. Á árunum 1996 – 1998 var hann formaður umsjónarnefndar ráðuneyta með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Árin 1997 – 1999 var hann formaður ráðgjafarnefndar um vöktun og umhverfi í Hvalfirði. *Guðjón Ólafur* var formaður stjórnar Vinnueftirlits ríkisins 2003 – 2007. Árin 1999 – 2010 var hann formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá var hann kjörinn formaður stjórnar Strætó bs. 2002 og gegndi því starfi til 2005. Ennfremur formaður barnaverndar-

nefndar Reykjavíkur 2007 – 2008. Hann var formaður sóknarnefndar Grafarholts-sóknar 2009 – 2011 og formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1993 – 2001. Loks má geta þess að hann hefur verið stjórnarformaður fjölda félaga, einkaréttar eðlis, þ. á m. verið formaður stjórnar JP Lögmannna ehf. Sömuleiðis framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins 1992 – 1993 og formaður heilbrigðis- og tryggingamálanefndar Alþingis 2006 – 2007.

Ingimundur var bæjarstjóri á Siglufirði 1979 – 1982. Að því loknu var hann um sex mánaða skeið framkvæmdastjóri Kaupþings hf. Samhliða starfi sem bæjarlögmaður í Hafnarfirði var hann forstöðumaður Gjaldheimtu Hafnarfjarðar 1985 – 1987. Á árunum 1999 – 2006 var Ingimundur varalögreglustjóri í Reykjavík og þar með staðgengill lögreglustjóra. Þess skal loks getið að hann var formaður kjörstjórnar Hafnarfjarðar 1994 – 2002, formaður barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar 1994 – 2007 og formaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, árin 1998 – 2002.

Porgeir Ingi hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness frá 1. maí 2008, að einu ári undanskildu. Um er að ræða næst stærsta héraðsdómstól landsins, þar sem lengst af hafa starfað sjö dómarar, en þeir eru nú átta talsins. Þá gegndi hann starfi skrifstofustjóra við embætti umboðsmanns Alþingis í eitt ár, 2000 – 2001. Að lokum má nefna að hann var formaður bótanefndar samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota 2000 – 2004 og formaður endurskoðendaráðs samkvæmt lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur 1998 – 2000.

Þegar litið er til fjölþættrar stjórnunarreynslu umsækjenda á ýmsum sviðum þykir ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra, að því er þennan þátt varðar.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl.

Benedikt getur um 17 lagafrumvörp sem hann hafi samið og er þar bæði um að ræða lagafrumvörp sem hann hefur samið á vegum nefnda, svo og frumvörp sem honum hefur einum verið falið að semja. Þá getur hann um 11 frumvörp sem samin hafa verið á vegum nefnda er hann hefur átt sæti í og hann tekið þátt í að semja með öðrum. Loks hefur hann verið formaður þriggja nefnda sem samið hafa lagafrumvörp.

Guðjón Ólafur var alþingismaður á árunum 2006 – 2007, en hafði áður setið á Alþingi sem varaþingmaður 2003 – 2006. Hann tók því virkan þátt í starfsemi löggjafans, ekki síst með þátttöku í starfi einstakra þingnefnda. Þá nefnir hann eitt viðamikið lagafrumvarp, sem samið var af nefnd, undir formennsku hans, og kveðst hann vera aðalhöfundur þess. Ennfremur getur hann um tvö frumvörp sem samin hafi verið á vegum nefnda er hann átti sæti í.

Ingimundur lætur þess getið að hann hafi átt sæti í einni nefnd sem samið hafi lagafrumvarp.

Ekki kemur fram í umsókn *Borgeirs Inga* að hann hafi samið eða komið að samningu lagafrumvarpa.

Samkvæmt þessu hafa þeir *Benedikt* og *Guðjón Ólafur* nánast einir umsækjenda reynslu af viðfangsefnum á þessu sviði. Vegna þess að aðkoma þeirra að löggjafarstarfi er að mörgu leyti ólík verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja, að því er þennan þátt varðar.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Vegna þess að *Benedikt* hefur fyrr á þessu ári sótt um embætti hæstaréttar-dómara og hæfni hans til að gegna því embætti verið metin af dómnefnd, sbr. umsögn hennar 27. apríl 2011, er í þessari umsögn stuðst við ummæli umsagnaraðila um hann frá þeim tíma.

Af svörum umsagnaraðila um hæfni umsækjenda til að gegna embætti hæstaréttardómara verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verði samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010.

Benedikt fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir yfirburðaþekkingu sína á sviði lögfræði og mikla reynslu af fjölbreyttum lögfræðistörfum og rannsóknum. Fram kom hjá Björgu Thorarensen prófessor að Benedikt hafi gengið sérlega vel að leysa verkefni sín af hendi, bæði í starfi sínu sem skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og sem háskólakennari. Hann sé afkastamikill og vinni hluti hratt, vel og hnitmiðað, þrátt fyrir að hann hefði mörg ólík verkefni í gangi á sama tíma. Hann gangi fúmlaust og ákveðið að öllum verkum. Hann hafi einnig verið afkastamikill í rannsóknum sem dósent í hlutastarfi, þrátt fyrir miklar annir í öðrum störfum. Þá sé Benedikt meðal þeirra kennara lagadeildar sem fengi besta umsögn nemenda í kennslukönnunum á hverju ári og sé venjulega meðal þriggja hæstu kennara í einkunn sem nemendur gefa fyrir frammistöðu. Björn Friðfinnsson fyrrverandi ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tók fram að Benedikt sé afar hæfur og dugmikill samstarfsmaður. Hann búi yfir miklum hæfileikum og eigi létt með að virkja samstarfsmenn sína til verka og sé fljótur að einbeita sér að aðkallandi verkefnum. Hann hafi unnið verkefni sín mjög vel, enda þótt hann hafi oft verið að vinna þau undir miklu álagi. Fram kom hjá Valtý Sigurðssyni fyrrverandi ríkissaksóknara að Benedikt sé afburða fljótur að sjá kjarna hvers vandamáls og leysa úr honum á lögfræðilegan hátt. Hann sé ákveðinn og komi sjónarmiðum sínum skýrt á framfæri. Hann sé sömuleiðis tilbúinn til að hlusta á rök annarra og fallast á þau telji hann þau vega þyngra sínum. Eini ókostur Benedikts, sem talinn var til, var sá að Benedikt geti verið ópolinmóður vegna ákafa hans að vinna öll mál hratt og örugglega og eyða ekki of miklum tíma í aukaatriði.

Guðjón Ólafur fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa mikla lögfræðiþekkingu og víðtæka reynslu, auk þess sem hann eigi einkar auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður og lektor tók fram að starf lögmanns sé vandasant og krefjist mikillar þekkingar og reynslu. Hafi Guðjón Ólafur innt það vel af hendi og hafi hún aldrei orðið þess vör í samstarfi þeirra að hann lyki ekki við þau mál sem hann hafi tekið að sér sem lögmaður.

Umfram allt hafi hann mikla þekkingu á sakamálaréttarfari og stjórnarsýslurétti. Auk þess hafi hann gott lag á að koma frá sér rituðum texta og að rökstyðja mál sitt með skipulögðum hætti. Guðjón Ólafur hlusti á það, sem aðrir hafi til málanna að leggja, og geti skipt um skoðun ef hann telur fram komin rök vera sannfærandi. Þó sé hann ekki ístöðulaus, heldur hafi hann frekar þor til þess að skipta um skoðun telji hann það við eiga. Hann takist á við verkefnin og ljúki þeim á tilsettum tíma. Í umsögn Óskars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og aðjúnkts sagði að Guðjóni Ólafi hafi gengið mjög vel að leysa með faglegum hætti úr þeim verkefnum sem hann hafi tekið að sér. Hann sé góður málflytjandi, agaður í vinnubrögðum og skrifi greinargóðan og skýran texta. Lögfræðilegur bakgrunnur hans sé einnig sterkur. Einnig sé hann skilvirkur í störfum og eigi auðvelt með að ljúka verkefnum innan settra tímafresta. Fram kom hjá Hjálmari Árnasyni framkvæmdastjóra Keilis og fyrrverandi alþingismanni að Guðjóni Ólafi hafi gengið einstaklega vel að leysa verkefni af hendi. Hann sé yfirvegaður og hafi góða stjórn á sér. Eini ókosturinn, sem nefndur var í fari Guðjóns Ólafs, var að hann hafi stundum tekið að sér of mörg mál í einu.

Ingimundur fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa trausta og góða lagaþekkingu og vera fljótur að leysa úr lögfræðilegum álitæfnum. Greta Baldursdóttir hæstaréttardómari tók fram að hann hafi leyst þau verkefni, sem honum eru falin vel af hendi, og beri dómsúrlausnir hans, er hún hafi skoðað, vitni um það. Hann sé skipulagður, samviskusamur og vinnusamur. Af úrlausnum hans í hinum flóknu dómsmálum, sem tengjast slitum fjármálafyrirtækja, sjáist að hann hafi lagt sig fram við að tileinka sér þetta nýja réttarsvið. Ingimundur setji sig vel inn í málin og ráðfæri sig við aðra, frekar en að taka áhættu við úrlausn þeirra. Hann vandi til verka og hafi jafnframt verið skilvirkur í störfum sínum sem dómari, enda fari mjög gott orð af honum sem dómara. Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, sem starfaði með Ingimundi þegar hann var formaður barnaverndarnefndar bæjarins, kvað hann hafa leyst verkefni sín afar farsælega af hendi. Hafi hann leitt nefndina af festu og öryggi og stýrt fundum hennar þannig að engum tíma hafi verið eytt til einskis. Hann hafi verið fljótur og laginn við að draga fram aðalatriði mála og átt auðvelt með að rökstyðja niðurstöður þeirra ákvarðana

sem teknar voru. Auk góðrar dómgreindar hafi Ingimundur til að bera þá nákvæmni, yfirsýn og faglegu reynslu sem ætti að nýtast vel í störfum hæstaréttardómara. Þá hafi hann átt afar auðvelt með að hlusta og tjá sig við skjólstæðinga barnaverndarnefndar og gera þeim og öðrum grein fyrir stöðu mála þannig að skýrt væri. Fram kom hjá Böðvari Bragasyni fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík að Ingimundur hafi sem varalögreglustjóri og staðgengill hans reynst honum bakhjarl í hvívetna. Honum hafi gengið vel að leysa verkefni sín af hendi og sýnt í senn frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Þorgeir Ingi fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa yfirgripsmikla þekkingu á lögum og lagaframkvæmd, auk þess sem hann nálgist viðfangsefni sín af yfirvegum. Fram kom hjá Guðmundi L. Jóhannessyni fyrrverandi héraðsdómara og dómstjóra að meðan þeir Þorgeir Ingi störfuðu saman við Héraðsdóm Reykjaness hafi honum verið falin mörg vandasöm og mikilvæg verkefni sem hann hafi leyst með sóma. Sé hann nokkuð jafnvígur til að sinna öllum málaflokkum, sem dómstóllinn fái til meðferðar þótt honum falli, að álit Guðmundar, betur að fást við einkamál. Þá hafi Þorgeir Ingi lagt sig í líma við að halda lögfræðimenntun sinni við með skipulegum hætti. Hann sé bæði nákvæmur og athugull sem dómari auk þess að vera hlutlægur í mati sínu á deiluefnunum. Hann ígrundi vel dóma sína sem séu hnitmiðaðir án þess að vera of ítarlegir. Hann sé vel skipulagður og vel undirbúinn þegar hann tekur mál til meðferðar. Þá takist honum nær undantekningalaust að ljúka málum á tilskildum tíma, enda hafi sér virst hann vera fljótur að komast að kjarna hvers máls. Í umsögn Róberts R. Spanó prófessors og deildarforseta var komist svo að orði að Þorgeir Ingi sé, að öðrum ólöstuðum, einn af allra bestu héraðsdómurum landsins. Hafi hann sinnt því starfi um árabil af alúð, vinnusemi og dugnaði. Fram kom hjá Róbert, fyrst og fremst af kynnum hans af Þorgeiri Inga þegar þeir störfuðu saman í rannsóknarnefnd kirkjuþings á liðnum vetri, að hann sé gæddur góðri dómgreind og þeim nauðsynlega hæfileika fyrir dómara að nálgast öll viðfangsefni með opnum huga án fyrirfram ákveðinnar og fastmótaðrar afstöðu. Við skýrslutökur hjá rannsóknarnefndinni hafi nýst vel áratuga reynsla hans af stjórn þinghalda. Hafi hann einnig verið fljótur að greina kjarnann frá aukaatriðum og mjög fær í að setja fram

skipulegan og skýran texta. Hjá Tryggva Gunnarssyni umboðsmanni Alþingis* kom fram að mikilvægasta verkefni Þorgeirs Inga sem skrifstofustjóra umboðsmanns hafi verið að greina í upphafi að hverju nýjar kvartanir beindust, hvort uppfyllt væru skilyrði til þess að fjallað væri nánar um málið og í hvaða farveg ætti að leggja það. Þessi verkefni og önnur, sem hann hafi komið að hjá umboðsmanni, hafi hann leyst einstaklega vel af hendi. Hann kjósi að hrapa ekki að niðurstöðu og sé það styrkur hans að vera ekki skjótráður, heldur ráðagóður.

Í 5. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Fram kom í svörum þeirra, sem tjáðu sig um umsækjendur, að reglusemi umsækjenda sé ekki ábótavant. Að öðru leyti fórust þeim orð um framangreind atriði í fari umsækjenda á þessa leið:

Um Benedikt. Fram kom hjá Björgu Thorarensen að meðal sterkustu hliða Benedikts séu samstarfseiginleikar hans. Hann eigi mjög auðvelt með öll mannleg samskipti, hvort heldur í starfi, við yfirmenn, undirmenn eða nemendur. Hann hafi þægilegt viðmót, sé léttur í skapi og sérlega góður í öllu samstarfi. Benedikt hafi þann eiginleika að gera lítið úr vandamálum eða komi með raunhæfar tillögur til að leysa þau, frekar en að magna þau upp og láta þau flækjast fyrir framvindu verka. Valtýr Sigurðsson tók fram að í 15 ára samstarfi við Benedikt í nokkrum kærunefndum hafi aldrei borið skugga á samstarf þeirra þótt iðulega hafi verið tekist á um úrlausnir mála. Hafi góðir eiginleikar Benedikts í mannlegum samskiptum komið þar vel í ljós. Þá tók Valtýr fram að Benedikt hafi alla tíð verið mikils metinn í dómarastétt sem og í öðrum störfum. Björn Friðfinnsson kvað Benedikt vera léttan í skapi og skemmtilegan í daglegri umgengni.

Um Guðjón Ólaf. Í umsögn Ásu Ólafsdóttur kom fram að honum farist vel að taka þátt í starfi með öðrum. Upp úr standi hæfni hans í mannlegum samskiptum.

* Í umsögn Tryggva gerði hann þann fyrirvara að hann telji sig ekki, sem umboðsmaður Alþingis, geta gefið fyrirverandi starfsmönnum við embætti sitt meðmæli þegar þeir sækja um opinber störf. Hins vegar telji hann eðlilegt að staðfesta skriflega hvaða störf viðkomandi hafi haft með höndum hjá embættinu þannig að reynsla viðkomandi af þeim störfum geti komið til mats á starfsreynslu hans almennt og hvernig hún falli að því starfi sem verið er að ráða í.

Þá sé hann vel liðinn meðal samstarfsfólks. Undir það tók Óskar Sigurðsson sem sagði að Guðjón Ólafur eigi mjög auðvelt með samskipti við samstarfsmenn sína. Hann sé jákvæður í viðmóti og taki vel á móti þeim sem við hann eiga erindi. Jafnframt sé hann skemmtilegur og uppörvandi, fyrir utan það að vera hreinskiptinn. Hjálmar Árnason kvað Guðjón Ólaf vera góðan í samstarfi og hafa þægilega návist. Segja megi um hann að hann sé góður liðsmaður með léttu lund. Fram kom hjá þeim Hjálmar og Óskari að andstæðingar Guðjón Ólafs, jafnt í stjórnmalastarfi sem málflutningi, hafi borið virðingu fyrir honum vegna færni hans og rökvísi.

Um Ingimund. Í umsögn Gretu Baldursdóttur kom fram að hann sé einstaklega þægilegur í öllum samskiptum. Hann sé fordómalaus, glaðsinna og með góða kímigáfu. Eigi hann auðvelt með mannleg samskipti og fari gott orð af honum í starfsmannahópi Héraðsdóms Reykjavíkur. Tók Guðríður Guðmundsdóttir í sama streng og kvað Ingimund hafa verið mjög vinsælan og virtan meðal starfsmanna Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði og samnefndarmanna í barnaverndarnefnd bæjarins vegna mannkosta sinna og frábærra samstarfseiginleika. Hann hafi átt sérlega gott samstarf við alla, sem hann starfaði með, og hafi aldrei komið til árekstra eða neinna erfiðleika í þeim samskiptum. Fram kom hjá Böðvari Bragasyni að Ingimundur sé einbeittur, en um leið laginn og heiðarlegur.

Um Þorgeir Inga. Fram kom hjá Guðmundi L. Jóhannessyni að hann sé staðfastur, stundvís og dagfarsprúður. Hafi hann reynst góður samstarfsmaður, m.a. sem dómari í fjölskipuðum dómi. Hann sé góðviljaður til manna og málefna og fordómalaus. Hann sé einnig skapgóður, ljúfur í lund og láti sjaldan eða aldrei koma sér úr jafnvægi. Kvað Guðmundur að Þorgeir Ingi eigi mjög auðvelt með öll mannleg samskipti. Sama sagði Tryggvi Gunnarsson sem kvað hann eiga einstaklega gott með að umgangast bæði samstarfsfólk sitt og þá sem hann þarf að eiga samskipti við í starfi. Þá sé hann bæði hæglátur og prúður. Fram kom hjá Róbert R. Spanó að Þorgeir Ingi sé þægilegur í umgengni og afar vandaður og traustur maður.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um

samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu

Dómnefnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu skipti einkum máli framlag viðkomandi í formi kennslu, fræðirita og reynslu auk reynslu af almennum dómstörfum. Nefndin telur einnig eðlilegt að hafa hliðsjón af þekkingu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars.

Einn umsækjenda, *Benedikt*, hefur hér sérstöðu að mati dómnefndar, miðað við þessar forsendur. Hann hefur verið lektor í hlutastarfi og frá 2005 í hálfu starfi sem dósent við lagadeild Háskóla Íslands og kennt m.a. réttarfari í grunnnámi og í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti. Þá hefur hann ritað nokkrar fræðigreinar á sviði réttarfars og verið starfandi héraðsdómari frá árinu 2001.

Dómnefnd telur að aðrir umsækjendur hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu á grundvelli reynslu af störfum sem dómara og/eða lögmenn.

Miðað við þessar forsendur telur dómnefnd að *Benedikt* standi fremst, að því er þetta atriði varðar, en telur ekki ástæðu til að gera upp á milli annarra umsækjenda að þessu leyti.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirætlum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli.

Í 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna ákvæði um samningu dóma. Þar segir í d.-f. liðum 1. mgr. að greina skuli í forsendum stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á og rökstudda niðurstöðu um sönnunatriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu greinar er síðan sagt að dómara skuli vera stuttir og glöggir. Ákvæði 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru svipuð að þessu leyti. Þá er og ljóst að þingmálið er íslenska og því leiðir krafa um að dómara geti ritað dóma á góðri íslensku.

Dómnefnd telur mikilvægt að þær meginreglur, sem fyrrgreind ákvæði endurspeгла, séu hafðar í heiðri við samningu dóma og að dómaraefni til embættis hæstaréttardómara hafi þær vel á valdi sínu. Er einkum nauðsynlegt að málsástæðum og lagarökum aðila séu gerð skil og að fram fari skýr og gagnorð greining á sönnunatriðum og lagaatriðum hvers máls. Að mati nefndarinnar leiðir einnig af fyrrgreindum lagaákvæðum að dómari skal setja fram röksemdir sínar með hlutlægum hætti og forðast stóryrði og athugasemdir sem ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þess sakarefnis sem til úrlausnar er. Sé rétt á þessu haldið telst það mikilsverð vísbending um góða hæfni til að sinna dómaraastörfum. Verða þessi sjónarmið lögð hér til grundvallar.

Dómnefnd hefur valið þá aðferð að fara yfir alla þá dóma sem þeir *Benedikt, Ingimundur* og *Þorgeir Ingi* lögðu sjálfir fram með hliðsjón af fyrrgreindum meginreglum.

Guðjón Ólafur hefur ekki stundað dómstörf, en hins vegar starfað sem lögmaður. Þar af leiðandi hefur dómnefnd farið yfir þær stefnur og greinargerðir, svo og stjórnarsýsluúrskurði, sem fylgdu umsókn hans, með hliðsjón af þeim meginreglum sem áður eru greindar.

Það er niðurstaða dómnefndar, miðað við þessa yfirferð og forsendur, að umsækjendur standi allir jafnt að vígi, að því er varðar hæfni við samningu dóma.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin út frá þeim dómaraastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa innt af hendi á liðnum árum og nánar er gerð grein fyrir í kafla 4. Niðurstaða nefndarinnar er sú að allir umsækjendur séu hæfir til þess að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og að afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Telur dómnefnd að ekki sé tilefni til að gera mun á umsækjendum að þessu leyti.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að hafa fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og besta lögfræðinginn sem sótt hefur um til að gegna starfi dómara við Hæstarétt Íslands. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda í ljósi þessara sjónarmiða og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera bæði almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur þó gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álitu, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, gætt þess að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölbreyttur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1. – 5.9.

Umsækjendurnir hafa allir að baki farsælan feril sem dómara og/eða lögmenn. Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það hins vegar niðurstaða dómnefndar að Benedikt Bogason sé hæfastur þeirra til að gegna embætti hæstaréttardómara. Það sem einkum ræður þeirri niðurstöðu er að hann skarar, að dómi nefndarinnar, fram úr öðrum umsækjendum á tveimur sviðum, þ.e. annars vegar með fræðilegum rannsóknum sínum og skrifum, sbr. kafla 5.5.2., og hins vegar með þeirri sérstöku þekkingu á réttarfari, einkum fullnusturéttarfari, sem hann býr yfir, sbr. kafla 5.9.1.

Með vísun til 4. gr. a laga nr. 15/1998, þar sem fram kemur að í umsögn dómnefndar skuli tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta það embætti sem auglýst er laust til umsóknar hverju sinni, þykir ekki ástæða til að gera upp á milli hæfni annarra umsækjenda til að gegna embætti hæstaréttardómara.


Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Benedikt Bogason sé hæfastur umsækjenda til að hljóta setningu í embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 15. júlí 2011 í Lögbirtingablaði.

Reykjavík, 3. október 2011.



Eiríkur Tómasson



Allan V. Magnússon



Brynjar Níelsson



Guðrún Agnarsdóttir



Stefán Már Stefánsson

